

1923

9 Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóv. 1915, og 17. febr. birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. febrúar 1923.

Kl. Jónsson.

Vígfús Einarsson.

10 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Hjúkrunarsjóð Ólafsfjarð-
24. febr. arhrepps“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumála-
ráðherra 24. febr. 1923.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Hjúkrunarsjóð Ólafsfjarðarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 2000 kr. gjöf kvenfjelagsins „Æskan“ í Ólafsfirði.

2. gr.

Tilgangur sjóðsstofnunarinnar er að stofna hjúkrunarfjelag í Ólafsfjarðarhreppi, er annist um að útvega lærða hjúkrunarkonu eða kosta einlingum geti liðið sem best.
hverja vel hafa konu til hjúkrunarnáms, og yfirleitt styðji að því, að sjúk-

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, heldur skal hann aukinn á þann hátt, sem hjer greinir:

- 1) með 2 kr. árlegu tillagi frá hverjum meðlimi kvenfjelagsins,
- 2) með gjöfum, er sjerstaklega kynnu að verða gefnar í þessu skyni, og
- 3) með öllum árlegum sparisjóðsvöxtum sjóðsins.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn full 6000 kr., tekur hann til starfa, og má þá verja til þess allt að $\frac{3}{4}$ ársvaxta sjóðsins, auk gjafa og árstíllags hvers meðlims kvenfjelagsins, En $\frac{1}{4}$ vaxta leggist árlega í sjóðinn.

5. gr.

10

24. febr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera: sóknarpresturinn og hreppstjórinn í Ólafsfirði og 3 konur eða karlar, sem kvenfjelagið kýs. En leggist kvenfjelagið niður, skal hreppsnefndin í Ólafsfirði kjósa þessa 3 meðstjórnendur.

6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 40,000 krónur, er kvenfjelagið laust við þá skyldu, að leggja til ársgjöld sín, nema eftir eigin ákvörðun.

7. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast konunglegrar staðfestingar

Ólafsfirði, 18. janúar 1923.

Jóhanna Magnúsdóttir. Kristín Þorsteinsdóttir. María Torfadóttir.

REGLUGJÖRÐ

11

2. mars

um

breyting á reglugjörð um hafnargjöld í Reykjavík frá 30. maí 1921.

Aftan við 16. gr. reglugerðarinnar bætist:

„Hálft vörugjald skal og greiða fyrir þær vörur, sem fluttar eru úr skipi í strandferðaskip og ætlaðar eru til annarar hafnar innanlands, og fyrir þær vörur, sem koma með strandferðaskipum frá öðrum höfnum innanlands og eru fluttar í önnur skip.“

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 15. mars 1923.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. mars 1923

Kl. Jónsson.

Vigfús Einarsson.